

laugardagur, 8. nóvember 2014

ÞEGAR BRENNIVÍNI ER BREYTT Í DJÚS

Birtist í DV 07.11.14.



Vandamál sem ÁTVR hefur átt við að glíma er þegar óprúttir brennivínssalar reyna að stuðla að unglingsdrykku með því að setja áfengi í sakleysilegar umbúðir, "gleði og gaman", "brennivínið bara einsog djús krakkar"!

Þessir sömu aðilar eða andleg skyldmenni þeirra beita svipuðum brögðum í auglýsingum með því að gera mörkin óljós á milli óáfengra og áfengra drykkja. Óáfengir drykkir eru settir í umbúðir áþekka umbúðum áfengra drykkja og auglýstir þannig. Áhorfandi sjónvarpsauglýsinganna eða lesandi blaðaauglýsinganna sér hvergi agnarsmátt lettrið á auglýsingunni sem segir að í reynd sé verið að auglýsa óáfengan drykk. Þannig er komist framhá löggjöf sem bannar áfengisauglýsingar.

Með blekkingum má þannig gera óáfengt öl áfengt og brennivín að djús.

Söfnunarkassar verða að spilavítum

Spurningin er svo hvort sjónhverfingar af þessu tagi sé ekki að finna víðar. Því hefur verið haldið fram í mín eyru að í reynd hafi verið farið á bak við lög sem banna fjárhættuspil með því að innleiða spilavélar sem í reynd séu ekkert annað en fjárhættuspil. Upphaflega hafi þær heitið söfnunarkassar sem var snjöll nafngift því hver hefur á móti því að safna fé til góðra málefna? Ekki nokkur maður, fremur en nokkur sé á móti því að unglingar drekki djús. Fram hafa komið lögspekingar sem telja að rekstur spilakassa standist ekki lög (sbr. t.d. grein Sigurgeirs Sigurjónssonar, hæstaréttarlögmanns í Morgunblaðinu 20. nóv. 1993).

Ótraustur lagagrunnur

Aðrir hafa fært rök fyrir því að lagagrundvöllur þessa reksturs sé í besta falli ótraustur þrátt fyrir að um hann hafi verið sett sérlög. Í lögfræðilegri álitserð sem unnin var fyrir Rauða Krossinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg og SÁÁ á tíunda áratugnum, segir að leyfisveitingar stjórnvalda til þeirra sem reka spilakassa byggji ekki á skýrum og traustum lagagrundvelli. Í þessari álitserð var sérstaklega vakin athygli á *"þeirri niðurstöðu Hæstaréttar árið 1949 að telja rekstur einkaaðila á áþekktum spilakössum refsivert fjárhættuspil. Þessi ákvæði hegningarlaga eru óbreytt."*

Ákært síðastliðið sumar

Ég var að vonast til að á þetta myndi reyna þegar maður sem ánetjast hafði fjárhættuspilum setti fram kæru á hendur rekstraraðilum spilakassa síðastliðið sumar.

Þessi einstaklingur hefur tapað stórum hluta ævitekna sinna, tugum milljóna í fjárhættuspilakössum. Sálfræðingur hans segir hann glíma *"við langvarandi vanlíðan vegna þessa sem felur í sér áhyggjur og kvíða, en einkennist þó helst af vonleysi, þrálátri depurð og neikvæðum hugmyndum um sjálfan sig og getu sína til að koma sér út úr núverandi stöðu."*

Í upphafi kæru mannsins segir: *"Frá átta ára aldri fór að þróast hjá mér spilafíkn sem hefur farið stigvaxandi síðan. Þessi spilafíkn hefur eingöngu þróast í spilakössum Happdrættis Háskóla Íslands og Rauða Krossins og annarra sem aðild eiga að Íslandsspilum. Rekstraraðilar spilakassa og þar með ríkisvaldið hafa þannig virkjað sjúkdóm minn í ábataskyni fyrir þá sem hafa hagnað af þessari starfsemi. Þetta hefur valdið mér ómældu tjóni og lagt líf mitt í rúst. Ég hef nú ákveðið að leggja fram formlega kæru á hendur íslenska ríkinu og rekstraraðilum spilakassa vegna þessara saka."*

Réttarfarspróun spilarekendum í óhag

Í kæru sem þessi einstaklingur setti fram hjá lögreglustjóranum í Reykjavík í júní sl. var vísað í sérlögin sem lúta að rekstri spilakassa og færð rök fyrir því að framkvæmd þeirra standist ekki lagabókstafinn.

Ekki síður veigamikilið álitamál kom fram í kærinni en það snýr að rétti spilafíkla gagnvart þeim sem hagnast á fíkn þeirra. Um þetta segir á ákærinni: "Nú er mér fullkunnugt um að sett hafa verið lög um rekstur happdrættiskassa, sem svo eru nefndir, en eru í reynd fjárhættuspilavélar þrátt fyrir aðrar nafngiftir. Ég tel að ákærvaldinu beri að horfa til réttarfarsþróunar á skyldum sviðum þar sem um er að ræða heimilaða en jafnframt skaðlega og heilsuspillandi starfsemi. Í Bandaríkjunum hefur dómvaldið þannig tekið afstöðu með þeim sem orðið hafa fyrir heilsutjóni af völdum vöru eða þjónustu sem sannanlega er skaðvænleg...Dómar tóku að falla sjúklingum í hag en tóbaksframleiðendum í óhag sem kunnugt er. Hið sama á án vafa, í mínum huga, eftir að gerast varðandi fjárhættuspilin." **Vafasöm frávisun**

Embætti lögreglustjóra á höfðuborgarsvæðinu vísaði þessari kæru frá og ríkissaksóknari tók undir á þeirri forsendu að enda þótt grundvallarreglan væri sú að fjárhættuspil væru ólögleg á Íslandi, þá væru spilakassar reknir á sérlögum sem gæfi þeim lögmæti.

Mín skoðun er sú að vafasamt hafi verið af embætti lögreglustjóra og embætti ríkissaksóknara að afgreiða ívitnaða kæru út af borðinu og vísa ég í þær röksemdir sem hér hefur verið vísað til. Sérleyfisveitingin er skýrt afmörkuð og þyrfti dómstóll að kveða upp úr hvort farið er að lagabókstafnum. Þá virðist þróunin erlendis vera á þann veg að þessi mál rati í sívaxandi mæli inn í dómsali á þeim forsendum sem fram koma í kærinni.

206 milljarðar dollara

Bandaríski tóbaksíðnaðurinn hefur á 25 árum verið dæmdur til að greiða 206 milljarða dollara í skaðabætur beint og óbeint vegna afleiðinga reykinga. Margt bendir til þess að lögfræðingar séu að vakna til vitundar um að spilafíklar kunni að hafa rétt að sækja í hendur rekenda spilavítisvéla og hugsanlega einnig löggjafans skaðabætur á sömu forsendum og tilvitnuð kæra frá í sumar byggir á.

Fregnir berast af því bæði vestan hafs og austan að lögfræðingar komi saman að bera saman bækur sínar til undirbúnings atlögu að rekendum spilakassa og þá sérstaklega netspilafyrirtækjunum.

Réttur spilafíkla að vakna!Fróðlegt væri að vita hvað íslenskir lögfræðingar eru að hugsa í þessum efnum. Eflaust eru skoðanir skiptar en til hins hljóta þeir að horfa, að viðhorfin eru að breytast. Réttur þeirra sem rekendur spilakassa gera sérstaklega út á, fólksins sem hefur ekki stjórn á gerðum sínum frammi fyrir "söfnunarkössunum", virðist vera að vakna.

TIL BAKA (/GREINAR/2014/11)

Líkar þetta 0 Deila Tweet

Greinar (/greinar)

2008 (/greinar/2008)

2009 (/greinar/2009)

2010 (/greinar/2010)

2011 (/greinar/2011)

2012 (/greinar/2012)

2013 (/greinar/2013)

2014 (/greinar/2014)

[Janúar \(/greinar/2014/01\)](#)

[Febrúar \(/greinar/2014/02\)](#)

[Mars \(/greinar/2014/03\)](#)

[Apríl \(/greinar/2014/04\)](#)

[Maí \(/greinar/2014/05\)](#)

[Júní \(/greinar/2014/06\)](#)

[Júlí \(/greinar/2014/07\)](#)

[Ágúst \(/greinar/2014/08\)](#)

[September \(/greinar/2014/09\)](#)

[Október \(/greinar/2014/10\)](#)

[Nóvember \(/greinar/2014/11\)](#)

[Desember \(/greinar/2014/12\)](#)

[2015 \(/greinar/2015\)](#)

[2016 \(/greinar/2016\)](#)

[2017 \(/greinar/2017\)](#)

[2018 \(/greinar/2018\)](#)

[2019 \(/greinar/2019\)](#)

Fréttabréf


Fullt nafn

Netfang *

SKRÁ [Afskrá \(/frettabref/afskra\)](#)

 [BRÉF TIL SÍÐUNNAR \(/BREF-TIL-SIDUNNAR\)](#)

 [RSS FRÉTTAVEITA \(/RSS\)](#)

 [LEIT Á SÍÐUNNI \(/LEIT\)](#)

